

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/932
komudagur 7.12.2012

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. desember 2012
Tilvísun: UST20121100098/hgs

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/2012, um loftslagsmál (skráningarkerfi losunarheimilda) – mál 381- umsögn

Þann 20. nóvember 2012 sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, mál 381, til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun fagnar því að frumvarp þetta sé komið fram og telur mikilvægt að það verði afgreitt frá Alþingi sem allra fyrst. Frumvarpið var samið í samvinnu við Umhverfisstofnun. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að vinna við frumvarpið lauk hafa komi í ljós tiltekin atriði sem að mati stofnunarinnar kalla á smávægilegar breytingar á núgildandi lögum um loftslagsmál til að auka skýrleika og bæta framkvæmd. Telur stofnunin rétt að vekja athygli á þessum atriðum og um leið leggja til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu sem hér er til umsagnar í þágu aukins skýrleika og skilvirkni í framkvæmd.

Tillaga að breytingu á a.-lið 4. gr. og d.-lið 6. gr. frumvarpsins um breytingu á vöktunaráætlunum til að auka skýrleika.

Við gerð draga að reglugerð um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sbr. 5. mgr. 13. gr., 6. mgr. 18. gr., 9. mgr. 19. gr. og 7. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál var ákveðið að setja inn samskonar ákvæði og er að finna í a.-lið og d.-lið 6. gr. frumvarpsins. Við nánari vinnslu reglugerðardraganna kom í ljós að skýrara væri að bæta texta við ákvæðið um hver eigi að eiga framkvæðið að breytingum á vöktunaráætlunum og var það því gert. Umhverfisstofnun leggur því til að ákvæðum í a.-lið 4. gr. og d.-lið 6. gr. verði breytt þessu til samræmis til að auka skýrleika.

Tillaga að breyttu ákvæði a.-liðar 4. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

Á eftir orðunum „...skilyrði reglugerðar skv. 5. mgr. skal rekstraraðili“ í a.-lið

4. gr. kemur: „að eigin frumkvæði eða að kröfu Umhverfisstofnunar,.

Tillaga að breyttu ákvæði d.-liðar 6. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

Á eftir orðunum „... skilyrði reglugerðar skv. 7. mgr. skal flugrekandi“ í d.-lið 6. gr. frumvarpsins kemur: „að eigin frumkvæði eða að kröfu Umhverfisstofnunar,.

Tillaga að breytingu á 1. mgr. c.-liðar 7. gr. frumvarpsins varðandi búsetuskilyrði viðurkenndra fulltrúa í skráningarkerfinu.

Í 1. mgr. c.-liðar 7. gr. frumvarpsins, sem verður 1. mgr. 22. gr. b verði frumvarpið að lögum, er kveðið á um að tilnefna skuli tvo viðurkennda fulltrúa við stofnun reiknings og að minnsta kosti annar þessara fulltrúa skuli hafa fasta búsetu á Íslandi. Ákvæðið um búsetuskilyrði er tekið upp úr heimildarákvæði í 7. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1193/2011 en þar er kveðið á um að ríkjum sé heimilt að gera þá kröfu að að minnsta kosti annar viðurkenndur fulltrúinn skuli hafa fasta búsetu í ríkinu þar sem reikningurinn er stofnaður nema þegar um er að ræða reikning vottunaraðila. Í ljós hefur komið að framangreind krafa um búsetuskilyrði viðurkennds fulltrúa er töluvert íþyngjandi þegar um er að ræða erlenda flugrekendur sem hafa í flestum tilfellum litla sem enga tengingu við landið og því getur verið verulegum örðugleikum háð fyrir slíka aðila að uppfylla kröfu um að þeir finni sér viðurkenndan fulltrúa sem hefur búsetu hér á landi til að hafa frumkvæðið að aðgerðum fyrir hönd flugrekandans. Í ljósi þess og að um heimildarákvæði er að ræða leggur Umhverfisstofnun til að búsetuskilyrðið verði ekki látið taka til viðurkenndra fulltrúa þeirra flugrekenda sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Í ljósi jafnræðisreglunnar þykir einnig rétt að láta búsetuskilyrðið ekki taka til viðurkenndra fulltrúa þeirra rekstraraðila sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Að mati stofnunarinnar er þó mikilvægt að halda ákvæðinu um búsetuskilyrði fyrir þá aðila sem ekki ber skylda til að eiga reikning í skráningakerfinu heldur er það heimilt, þ.e. þá aðila sem tilgreindir eru í þeim ákvæðum sem verða a- til d-liður 2. mgr. 22. gr. a verði frumvarpið að lögum. Umhverfisstofnun leggur því til að ákvæðinu um búsetuskilyrði sé breytt í samræmi við framangreint.

Tillaga að breyttu ákvæði 1. mgr. 22. gr. b., sbr. 1. mgr. c.-liðar 7. gr. frumvarpsins, er svohljóðandi:

1. mgr. c.-liðar 7. gr. frumvarpsins, sem verður 1. mgr. 22. gr. b., verði frumvarpið að lögum, orðast svo:

Þegar óskað er eftir stofnun reiknings skal umsækjandi skv. 22. gr. a tilnefna a.m.k. tvo viðurkennda fulltrúa fyrir hvern reikning. Að minnsta kosti annar þessara fulltrúa skal hafa fasta búsetu á Íslandi þegar um er að ræða aðila sem getið er í 2. mgr. 22. gr. a. Þegar um er að ræða reikning vottunaraðila er þó einungis krafist a.m.k. eins viðurkennds fulltrúa. Viðurkenndur fulltrúi skal hafa frumkvæði að aðgerðum fyrir hönd reikningseiganda í skráningarkerfinu.

Tillaga að nákvæmari þýðing á tilteknum hugtökum í nógildandi lögum nr. 70/2012.

Við gerð draga að reglugerð um úthlutun og draga að reglugerð um losunarleyfi kom í ljós að þýðing tiltekinna hugtaka úr ESB gerðum hefði mátt vera nákvæmari og er því í reglugerðunum notast við nákvæmari hugtak en í lögnum. Umhverfisstofnun vill því leggja til að þýðing þessara hugtaka í lögnum verði breytt til samræmis við það hvernig þau voru þýdd í framangreindum reglugerðardrögum. Þetta eru hugtökin „significant capacity extension“ og „significant capacity reduction“ sem þýdd eru í loftslagslögnum sem „veruleg framleiðsluaukning“ og „dregið verulega úr framleiðslu“ en nákvæmara er að tala um aukningu og minnkun á framleiðslugetu. Umhverfisstofnun leggur því til að við frumvarpið verði bætt fjórum nýjum greinum í samræmi við eftirfarandi tillögur.

Tillaga að breytingu á 6. mgr. 8. gr. nógildandi laga nr. 70/2012 er svohljóðandi:

Í stað orðanna „dregið verulega úr henni“ í 6. mgr. 8. gr. laganna kemur: veruleg minnkun hefur orðið á framleiðslugetu.

Tillaga að breytingu á ákvæði 11. gr. nógildandi laga nr. 70/2012 er svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „umtalsverða framleiðsluaukningu“ í b-lið 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: verulega aukningu á framleiðslugetu, og í stað orðsins „framleiðsluaukningu“ í lok b-liðar 2. mgr. 11. gr. kemur: aukningu.

b. Í stað orðsins „framleiðsluaukningar“ hvarvetna í 3. mgr. 11. gr. kemur: aukningar á framleiðslugetu.

c. Í stað orðsins „framleiðsluaukningar“ í 7. mgr. 11. gr. laganna kemur: aukningar á framleiðslugetu.

Tillaga að breytingu á ákvæði 12. gr. nógildandi laga nr. 70/2012 er svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna.

a. Í stað orðanna „dregur verulega úr starfsemi“ í 3. mgr. 12. gr. kemur: minnkar verulega framleiðslugetu.

b. Í stað orðanna „verulega hafi verið dregið úr henni“ í 4. mgr. 12. gr. kemur: veruleg minnkun teljist hafi orðið á framleiðslugetu.

Tillaga að breytingu á ákvæði 6. mgr. 13. gr. nógildandi laga nr. 70/2012 er svohljóðandi:

Í stað orðanna „draga verulega úr starfsemi“ í 6. mgr. 13. gr. laganna kemur: minnka verulega framleiðslugetu.

Tillaga að breytingu á skilyrðum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu í 25. gr. nógildandi laga nr. 70/2012.

Í nógildandi lögum um loftslagsmál er það ófrávíkjanlegt skilyrði að vottunaraðili

hafi faggildingu frá stofnun sem hefur staðist jafningjamat. Reglugerð (ESB) nr. 600/2012 um sannprófun [vottun] á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslum um tonnkilómetra og faggildingu sannprófenda [vottunaraðila] samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB gerir hins vegar ráð fyrir að einstaklingar (en ekki lögaðilar) sem starfa sem vottunaraðilar geti fengið faggildingu frá stjórnvöldum sem ekki hafa staðist slíkt jafningjamat. Ísland hefur til þessa ekki faggilt einstaklinga sem vottunaraðila hér á landi og ekki er gert ráð fyrir því að því atriði verði breytt á næstunni, en við nánari skoðun á reglugerð (ESB) nr. 600/2012 kemur í ljós að Íslandi er engu að síður skylt að viðurkenna slíka faggildingu frá öðrum löndum. Stefnt er að upptöku reglugerðar (ESB) nr. 600/2012 í EES-samninginn fyrir áramót og þar sem ákvæði hennar eiga að taka gildi 1. janúar 2013 liggur mikið á að innleiða hana hér landi strax í kjölfarið af upptöku hennar í EES-samninginn. Í ljósi ofangreinds leggur Umhverfisstofnun því til að skilyrðum fyrir gagkvæmri viðurkenningu í 1. mgr. 25. gr. núgildandi laga nr. 70/2012 verði breytt svo skilyrðin séu ekki þrengri en þau eiga að vera. Einnig leggur stofnunin til að samhliða þessari breytingu sé styrkt reglugerðarheimild ráðherra í 1. mgr. 26. gr. núgildandi laga nr. 70/2012. Umhverfisstofnun vill því leggja til að bætti verði við frumvarpið ákvæðum í samræmi við neðangreindar tillögur.


Tillaga að breytingu á ákvæði 1. mgr. 25. gr. núgildandi laga nr. 70/2012 er svohljóðandi:


Orðin „og hafi staðist jafningjamat sem framkvæmt er af Evrópustofnun um samvinnu á sviði faggildinga“ í 1. mgr. 25. gr. laganna falla brott.

Tillaga að breytingu á ákvæði 26. gr. núgildandi laga nr. 70/2012 er svohljóðandi

Á eftir orðunum „...skilyrði og málsmeðferðarreglur í tengslum við faggildingu og gagnkvæma viðurkenningu vottunaraðila,“ í 26. gr. laga nr. 70/2012 kemur: þ.á m. um hvaðan faggilding skuli stafa.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Hilda Guðný Svavarsdóttir
lögfræðingur